

**Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**
Dagsetning: **10.12.2018**
Málsnúmer: **SRN18050080**
Bréfalykill: **0.15.0**
Tilgangur: Til ákvörðunar Til upplýsingar
 Til undirritunar Skv. beiðni ráðherra

Efni: Umhverfis- og samgöngunefnd svar: Loftslagsáhrif áætlanaflegs innanlands

Loftslagsáhrif áætlanaflegs innanlands

Þegar lagt er mat á loftslagsáhrif, þ.e. losun koldíoxíðs, mismunandi ferðamáta milli áfangastaða innanlands eru áhrif áætlanaflegs innanlands borin saman við að farþegi hefði annars ferðast í bíl, oftast einn.

Við samanburð er stuðst við losun meðalbíls skv. upplýsingum Samgöngustofu á ekinn kílómetra, gert ráð fyrir einum farþega og miðað við vegalengd samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni. Sú niðurstaða er borin saman við losun áætlunarflugs á flugsæti miðað við 80% nýtingu flugvélar skv. loftlínu milli sömu áfangastaða.

Að gefnum þessum forsendum er ljóst að losun koldíoxíðs er ávallt minni þegar ferðast er með flugi milli áfangastaða innanlands miðað við að einn farþegi ferðast sömu leið í bíl. Ferðist tveir saman í bíl dregur þó saman með losun milli ferðamáta.

Hafa ber í huga að flugvélar sem eru í notkun nýta eldsneyti misvel miðað við hvert sæti. Air Iceland connect tók nýlega í notkun nýjar vélar á sínum flugleiðum sem eru sparneytnari og er losun á flugleiðunum milli Reykjavíkur annars vegar og hins vegar Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar því ofmetin í myndinni hér að neðan. Flugfélagið Ernir er einnig að taka í notkun nýjar vélar sem munu draga úr losun á flugleiðum félagsins haldist sætanýting svipuð og verið hefur.

Loftlagslegur ábati eykst í hlutfalli við aukinn mun á vegalengd eftir loftlínu og veglínu, þannig er alltaf ávinningur af því að fljúga milli Reykjavíkur og Egilsstaða. Loftlagslegur ávinningur af flugi á Akureyri er nokkur og meiri en kemur fram í töflunni þar sem tiltækar tölur miða við eldri vélar félagsins. Sama gildir um tölur um flugleiðir Flugfélagsins Ernir. Með nýjum vélum er líklegt að náist loftlagslegur ávinningur af flugi til Húsavíkur og Hafnar. Ekki eru tiltækar upplýsingar um losun frá ferjusiglingar, Dalvík - Grímsey og Vestmannaeyjar - Landeyjar, þar vantar til að fá raunhæft mat að bæta við losun ferjunnar. Þar af leiðandi er samanburður fyrir þessar leiðir ekki marktækur.

Hér er ekki tekið tillit til annarra þátta svo sem tímasparnaðar og öryggis sem auka verulega þjóðfélagslegan ábata af fluginu umfram akstur.

Myndin sýnir koldíoxíðlosun á flugleiðum, samanburður flugs og aksturs með einum eða tveimur farþegum. Tölur m.v eldri vélar; Fokker og Jetstream. Gert er ráð fyrir 80% nýtingu flugsæta.

